



Tillögur LSS að viðbótum við Heilbrigðisstefnu

1. Bæta við málsgrein undir “Við stöndum frammi fyrir áskorunum”
Aðgengi að bráðaðþjónustu
“Aðgengi að bráðaðþjónustu utan spítala er eðli málsins samkvæmt mjög misskipt í jafn strjálbýlu landi og Ísland er. Í þéttbýlli og stærri byggðakjörnum þar sem starfrækt er sólhringssþjónusta sjúkraflutningaaðila er mun skemmri tími að bráðaðþjónustu utan spítala en á fámennari og dreifbýlli stöðum. Mikilvægt er að skilgreina þjónustuviðmið á landsvísu sem innihalda raunhæf markmið varðandi tíma að bráðaðþjónustu utan spítala og hvaða stig utanspítalaþjónustu er raunhæft að veita á hverjum stað.”
2. Bæta við málsgrein undir “Og við höfum jafnframt mörg tækifæri”
Efling sjúkraflutning og bráðaðþjónustu utan spítala
“Efling sjúkraflutninga á Íslandi hefur setið á hakanum um langt skeið. Áðurútfagnar skýrslur; Boston Consulting Group: “Health Care System reform and short term savings opportunities (2011)” og skýrsla verkefnishóps “Endurskipulagning sjúkraflutninga (2012)” vitna þar um. Komið hefur verið til móts við aukna þekkingarkröfu sjúkraflutningamanna skv. niðurstöðum skýrslunnanna með lengingu grunnnáms. Hins vegar er brýn þörf á endurskipulagninu eða uppfærslu á viðbragðsþjónustu vegna bráðveikra eða slasaðra utan spítala, skurðpunktum innan- og utanspítalaþjónustu, málefnum gæða- og rannsókna og tækja- og búnaðarmála.”
3. Uppfæra neðstu málsgreinina í kaflanum “Fyrsta til árangurs” > Hver verður staðan 2030 í (sjá rauðletrað):
Hlutverk og ábyrgarsvið Landsspítala og Sjúkrahússins á Akureyri gagnvart öðrum heilbrigðisstofnunum landsins “**og veitendum heilbrigðissþjónustu**” eru vel skilgreind og skapa.....
4. Breyta 2. málsgrein í kaflanum “Fyrsta stigs heilbrigðisþjónusta”
Setningin;
“Uppbygging fjarheilbrigðisþjónustu og skilvirkari sjúkraflutningar gera það einnig auðveldara að tryggja íbúum í hinum dreifðu byggðum landsins heilbrigðisþjónustu.”
Verði svohljóðandi;
“Uppbygging fjarheilbrigðisþjónustu og **skilvirkir sjúkraflutningar með vel skilgreindum þjónustuviðmiðum á landsvísu** gera það auðveldara að tryggja íbúum í hinna dreifðu byggða landsins heilbrigðisþjónustu.”
5. “Rétt þjónusta á réttum stað” > Hver verður staðan 2030, bæta við;
“Skilgreiningar á þjónustuviðmiðum og skipulagðri viðbragðsþjónustu gagnvart bráðatilfellum utan spítala liggi fyrir og þá þegar komnar til framkvæmda.”
6. Viðbætur í málsgrein undir kaflanum “Virkir notendur” - sjá rauðletrað;
“Embætti landlæknis annast þróun, framkvæmd og innleiðingu rafrænnar sjúkraskrár og rafrænna samskipta með heilbrigðisupplýsingar á landsvísu. Í því felst meðal annars að þróa og innleiða upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, **innan og utan spítala**, á öruggan, hagkvæman og



skilvirkan hátt og stuðla þannig að góðri og öruggri þjónustu og bættri lýðheilsu á öllum æviskeiðum. Enn fremur að þróa og innleiða rafræna sjúkraskrá í samræmi við þarfir sjúklinga, heilbrigðisstarfsmanna, stjórnenda og stjórnvalda.”

7. Viðbætur við málsgrein í kaflanum “Hugsað til framtíðar” sjá rauðletrað;

“Hlutverk Heilbrigðisvísindadeildar Háskóla Íslands er að vera leiðandi í kennslu og rannsóknum í heilbrigðisvísindum hér á landi. Deildin starfar í nánú samstarfi við Landspítala, sem er háskólasjúkrahús landsins, og fleiri stofnanir innanlands og utan. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu skulu Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri stunda vísindarannsóknir á heilbrigðisviði. Þá skal Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins stunda vísindarannsóknir á sviði heilsugæslu. **Lögð skal áhersla á að auka vægi rannsókna á utanspítalþjónustu og sjúkraflutningum og samstarf við erlenda aðila sem kljást við sömu áskoranir og hér á landi. Um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði gilda sérstök lög frá árinu 2014 sem hafa að markmiði að stuðla að vönduðum vísindarannsóknum og tryggja hagsmuni þátttakenda.”**

Fyrir hönd LSS,

Birkir Árnason, formaður fagdeildar sjúkraflutninga

Anton Berg Carrasco, varaformaður fagdeildar sjúkraflutninga